

Sp.

72. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um 18 ára kosningaaldur.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson,
Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar, að gerð sé athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi, og að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis við það aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum ungs fólks.

Athuganir þessar skal gera 9 manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kys sér sjálf formann.

Greinargerð.

Allt frá því að Alþýðuflokksmenn voru fyrst kosnir til Alþingis fyrir tæpum sex tugum ára hafa þingmenn Alþýðuflokksins haft forustu um breytingar í lýðræðis- og jafnréttisátt á lögum um kosningarrétt og kjördæmaskipan. Á fyrstu árum Alþýðuflokksins sem stjórnmalaflokks með fulltrúa á Alþingi höfðu þannig þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru orðnir 25 ára að aldri og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Við landskjör giltu sömu skilyrði varðandi þá, sem þegið höfðu af sveit, en kosningarréttur í þeim kosningum var miðaður við 35 ár.

Rýmkun kosningarréttarins var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþýðuflokksins. Alþýðuflokkurinn barðist fyrir því, að numið yrði úr lögum það ákvæði, að fólk, sem vegna fátæktar og/eða sjúkdóma hafði neyðst til þess að þiggja sveitarstyrk og ekki getað endurgreitt hann, yrði svipt kosningarrétti, og flokkurinn barðist fyrir því, að kosningarréttur yrði miðaður við 21 árs aldur.

Framan af mætti þessi barátta Alþýðuflokksins mikilli andstöðu, en þó tókst að lokum að fá stuðning viðsýnna manna úr öllum flokkum við þessi baráttumál Alþýðuflokksins. Árið 1929 var svo 21 árs kosningaaldur lögfestur og sveitarstyrksákvæðið afnumið hvað varðar kosningar til sveitarstjórna. Með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Næsti áfangi í baráttu Alþýðuflokksins fyrir rýmkun ákvæða laga um kosningarrétt og kjörgengi hófst árið 1963, en snemma á því ári hélt Alþýðuflokkurinn aukabing, þar sem afgreidd var ný og endurskoðuð stefnuskrá flokksins. Eitt þeirra nýmæla, sem í stefnuskránni fólust, var að Alþýðuflokkurinn tók upp bar-

áttu fyrir 18 ára kosningaaldri. Þessa stefnu sína hefur Alþýðuflokkurinn og aðildarfélag hans síðan ítrekað á þingum sínum — nú síðast á 34. flokksþingi Alþýðuflokksins, sem haldið var 20.—22. október árið 1972 og á 28. þingi Sambands ungra jafnaðarmanna, sem haldið var dagana 8.—10. nóvember s. l. Var á 28. þingi SUJ skorað á Alþingi að samþykkja á yfirstandandi kjörtínabili lög um, að kjörgengi, kosningarréttur og hjúskaparréttur karla og kvenna verði miðaður við 18 ár.

Í beinu framhaldi af stefnuskrársamþykktinni um 18 ára kosningaaldur á þingi Alþýðuflokksins árið 1963 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Benedikt Gröndal, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson, Jón Þorsteinsson og Sigurður Ingimundarson, tillögu til þingsályktunar um 18 ára kosningaaldur á Alþingi árið 1965 — 86. lögjafarþingi. Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi.

Athugun þessa skal gera 7 manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin skal skila álitum fyrir setningu reglulegs Alþingis 1966.“

Í greinargerð með tillögunni segir m. a. svo:

„Því er haldið fram gegn 18 ára kosningaaldri, að ungt fólk hneigist til ofstækis, öfga og yfirborðsmennsku. Þetta er sleggjudómur, og mundi ráðlegra að sýna æskunni fullkomið traust. Þá fyrst mun reyna á þroska hennar, og hann mun ekki bregðast í þessu efni, fremur en hjá hinum eldri. Mikið er talað um vandamál æskunnar, ekki síst í velferðarríkjum. Mun ekkert ráð betra í þeim efnunum en að veita æskufólki sinn sess í þjóðfélaginu með fullri ábyrgð og trausti . . .

Íslenska lýðveldið þarf á hverjum manni og konu að halda, og það krefst félagslegs þroska af hverjum einstaklingi. Því er tími til kominn að sýna hinni fjölmennu kynslóð, sem innan skamms á að erfa landið, það traust að veita henni fulla íhlutun um stjórn landsins við 18 ára aldur.“

Þessar röksemdir úr greinargerð þingsályktunartillögunnar frá 1965 með 18 ára kosningaaldri eiga ekki síður við nú en þá.

Framangreind þingsályktunartillaga þingmanna Alþýðuflokksins frá 1965 var tekin til umræðu og afgreiðslu á því þingi. Var henni vísað til athugunar hjá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis og leitaði nefndin m. a. álits eftirtalinna aðila: Sambands ungra sjálfstæðismanna, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna, Æskulýðsfylkingarinnar, Íslenskra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum. Tveir þeirra síðasttöldu voru tillögunni andvígir, en hinir umsagnaraðilarnir — öll stjórnmalasamtök ungs fólks í landinu — lýstu sig fylgjandi henni.

Í álitum allsherjarnefndar kom fram, að nefndinni þótti rétt og eðlilegt að láta fram fara sérstaka athugun á því, hvort ekki væri tímabært að lækka kosningaaldurinn frá því, sem þá var, en ekki náðist í nefndinni samkomulag um að tiltaka sérstaklega 18 ár í því sambandi. Þá taldi nefndin rétt, að jafnframt yrðu endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, svo sem fjárræðisaldur og hjúskaparaldur. Gerði nefndin nokkrar breytingar á tillögu þingmanna Alþýðuflokksins og lagði til, að hún yrði samþykkt með svo hljóðandi breytingum:

„1. Tillögugr. orðist svo:

Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin skal skila álitum svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um lækkun kosningaaldurs.“

Þannig breytt var tillagan svo samþykkt á fundi sameinaðs Alþingis 22. apríl árið 1965.

Framhald málsins varð svo það, að á næsta reglulegu Alþingi, 87. löggjafarþingi, sem var síðasta þing á kjörtímabili, var samþykkt sú breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, að kosningarrétt skyldi miða við 20 ár í stað 21 árs. Þessi stjórnarskrárbreyting var tekin fyrir aftur á Alþingi á 88. löggjafarþinginu, strax á fyrsta þingi að þingkosningum loknum, og samþykkt þar endanlega 29. mars 1968. Jafnframt voru á því þingi samþykkt lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, þar sem kosningarréttur til sveitarstjórna var færður úr 21 ári í 20 ár, og lög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, til samræmis við stjórnarskrárbreytinguna. Virðist full samstaða hafa ríkt meðal allra þingflokka um þessar breytingar, nema hvað ágreiningur var uppi um aðrar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sem gerðar voru og ekki fjölluðu um lækkun kosningaaldursins. Var sá ágreiningur einkum um 4. gr. lagabreytinganna, sem fóll í sér, að á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, skyldi koma ný málsgrein, þar sem yfirkjörstjórn eru gefin fyrirmæli um hvernig skuli með fara, beri sá aðili, sem skv. reglum flokks á að ákveða eða staðfesta framboðslista endanlega, fram mótnæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn. Ágreiningurinn um þessa nýju lagasetningu, sem m. a. kom fram í þingnefndum þeim, sem um málið fjölluðu, var því ekki um lækkun kosningaaldursins, heldur aðrar breytingar, sem gerðar voru jafnhliða og ekkert áttu skylt við lækkun kosningaaldursins úr 21 ári í 20 ár.

Þingmenn Alþýðuflokksins telja, að með þessari lækkun á kosningaaldri hafi áfanga verið náð í því stefnumáli flokksins að færa kosningaaldur og önnur aldursákvæði, sem takmarka réttindi ungs fólks, niður í 18 ár. Þingflokkurinn telur, að reynslan hafi ótvírætt sýnt, að unga fólkinu var fyllilega treystandi fyrir þeim auknu réttindum og auknu ábyrgð, sem í breytingunum fólust, og bendir í því sambandi á, að engar raddir hafa heyrst opinberlega um að hækka beri aldursmarkið upp í 21 ár aftur, enda væri slíkt í algeru ósamræmi við þá stefnu, sem ríkir í slíkum málum meðal nálægra þjóða.

Þegar þingmenn Alþýðuflokksins fluttu þingsályktunartillögu sína um 18 ára kosningaaldur var þegar hafin viðá um lönd hreyfing fyrir slíkum breytingum til réttarhóta fyrir unga fólkið. Þá höfðu stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, þegar riðið á vaðið og miðað kosningarrétt við 18 ára aldur, Sovétríkin út frá þeirri meginforsendu, að við 18 ára aldur mætti búast við því, að hver íbúi landsins hefði náð fullum vinnuafköstum og því að fullu orðinn hlutgengur sem þjóðfélagsþegn, en Bandaríkin út frá þeirri meginforsendu, að við 18 ára aldur væri þegar húið að leggja margvíslega ábyrgð á unga fólkið, svo sem að berjast og jafnvel fórna lífi sínu fyrir land sitt. Var þó 18 ára kosningaaldur þá ekki í gildi kominn í öllum fylkjum Bandaríkjanna.

Á þeim tæpa áratug, sem liðinn er frá því þingsályktunartillaga Alþýðuflokksþingmanna um 18 ára kosningaaldur var flutt, hefur þróunin í nálægum ríkjum haldið áfram í þá átt, sem spáð var í greinargerð með þeirri tillögu. Þannig er kosningarréttur í Bandaríkjunum nú almennt miðaður við 18 ár, í Stóra-Bretlandi sömuleiðis og einnig í Vestur-Þýskalandi og Hollandi. Í Svíþjóð er miðað við 19 ára aldur og mikil hreyfing er í öðrum nálægum löndum fyrir breytingum í þessa átt.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að í ljósi reynslunnar, sem fengist hefur af lækkun kosningarréttar úr 21 í 20 ár, þeirrar þróunar, sem þegar hefur orðið og fyrisjáanleg er í þeim málum meðal nálægra þjóða, svo og þeirrar staðreyndar, að íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast meðal ýmissa annarra þjóða, þá sé nú fyllilega tímabært að stíga sporið til fulls og miða

kosningarrétt og kjörgengi til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga á Íslandi við 18 ára aldur. Jafnframt telja flutningsmenn eðlilegt og sjálfsagt að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Rétt er, að sami háttur verði hafður á þessum athugunum og árin 1965 og 1966 — þ. e. að Alþingi kjósi til þess sérstaka nefnd og verði við það miðað, að í henni eigi sæti fulltrúar frá þingflokkunum öllum. Með því móti væri auðveldað að samstaða gæti tekist á Alþingi um þær breytingar, sem gerðar yrðu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar, að rétt sé og skylt að gefa nefndinni rúman tíma til þess að ljúka athugunum á þessu máli og samningu þeirra lagafrumvarpa, sem því fylgja. Jafnframt telja flutningsmenn sjálfsagt, að Alþingi og aðrir þeir, sem málið kann að varða, fái þann tíma, sem til þarf, til þess að kynna sér væntanlegar niðurstöður athugananna. Því væri eðlilegt, að nefndin fengi tíma til athugunar á inálinu þar til á öðru reglulegu Alþingi hér frá. Þá yrðu niðurstöður hennar kynntar opinberlega, en síðan teknar til umræðna og afgreiðslu á næsta þingi þar á eftir — síðasta reglulegu þingi á yfirstandandi kjörtímabili — þannig að stjórnarskrárbreytingin, sem gera verður varðandi lækun kosningaaldursins, þurfi ekki að valda þingrofi og nýjum kosningum fyrr en þær á að bera að með réttum og eðlilegum hætti.